

Comorbidity

Kristófer Þorleifsson, geðlæknir, sendi beiðni um að leitað yrði að góðu, lýsandi heiti á **comorbidity**. Hann sagði hugtakið mikið notað í geðlæknisfræði, til dæmis þegar sjúklingur er samtímis með kvíða og þunglyndi. Kristófer stakk sjálfur upp á að tala mætti um **samhliða** sjúkdóma, en undirritaður vildi fremur tala um **samfara**, **samferða** eða **samfarandi** sjúkdóma.

Samför, samferð

Fræðiheitið **comorbidity** er myndað úr forskeytinu **co-**, a) með, saman, í sameiningu, gagnkvæmt, b) í sama mæli; og latneska nafnorðinu **morbiditas**: 1. sóttarfar. 2. sjúkdómsástand. 3. sjúkrahlutfall. **Comorbidity** er þannig skilgreint í læknisfræðiorðabók Stedmans: *samfara en óskyldar meinsemdir eða sjúkdómsfyrirbæri; oflega notað í faraldsfræði til að gefa til kynna samferð tveggja eða fleiri sjúkdóma*. Lýsingarorðið **comorbid** finnst í læknisfræðiorðabók Dorlands: *á við um sjúkdóm eða sjúkdómsferil sem kemur fyrir samtímis öðrum*. Samkvæmt tillögu undirritaðs gæti nafnorðið **comorbidity** fengið þýðinguna **samför** eða **samferð**.

Einnig má tala um að sjúkdómsfyrirbæri **fari saman**, hafi **samfylgd**, eða séu **samstíga** eða **samstíg**. Gaman væri að fá fréttir af öðrum nýtilegum hugmyndum.

Workshop

Kristófer hringdi nokkru seinna og spurði um gott íslenskt heiti á **workshop**. Þarna er ekki um læknisfræðilegt heiti að ræða, þó óneitanlega sé það mikið notað í tengslum við læknisfræðilegar ráðstefnur og þing. Ensk-íslensk orðabók Arnar og Örlygs birtir þýðingarnar 1. *verkstæði*. 2. *smiðja*; *málstofa*, *námskeið o.þ.u.l. þar sem unnið er sameiginlega að tilteknu verkefni eða úrlausnarefni*.

Leit í öðrum heimildum gaf til kynna að nafnorðið **workshop** væri notað um ýmis fyrirbæri, allt frá litlum viðgerðar- eða vinnustöðum til umræðu- og vinnufunda af ýmsu tagi. Hvað fundina varðar er heitið notað til að leggja áherslu á samskipti og þátttöku allra viðstaddra og að verkefnið eða umræðuefnið sé afmarkað. Oft er um að ræða æfingu eða þjálfun í tiltekinni aðferð eða tækni og oft er markmiðið það að finna lausnir í tengslum við fyrirfram skilgreind verkefni.

Undirritaður bætti þá við heitunum: **vinnubúðir**, **vinnufundur**, **vinnusmiðja** og **vinnustofa**. Luma lesendur á fleiri tillögum?

Panel

Í tengslum við ofanritað kom upp umræða um heiti á hópi manna sem valinn hefur verið til að taka þátt í opinni umræðu fyrir framan áheyr- endur, oft nefnt **panel** á ensku og umræðan **panel discussion**. Undirritaður setti fram hugmyndirnar **umræðuhópur** og **hópumræða**. Rétt er að vekja athygli á því að oft er talað um **pallborðshóp** og **pallborðsumræðu**. Þau heiti leggja áherslu á að einstaklingarnir, sem valdir hafa verið í hópinn, eru gjarnan látnir koma sér fyrir uppi á sviði (palli) til að vera öllum áheyrendunum sýnilegir meðan umræðan fer fram.

Nafnorðið **panel** mun hafa komið inn í mið- aldaensku úr frönsku, en þar merkti það upphaf- lega hluti af einhverju. Í fornu, bresku lagamáli var orðið notað sem heiti á hópi manna sem var að- skilinn frá öðrum, til dæmis kvíðdómur eða hópur manna sem hafði verið dreginn fyrir dóm.

Samstæða

Um svipað leyti var spurt hvaða íslenskt heiti væri notað í stað **panel** þegar verið er að vísa í tiltekinn flokk rannsókna eða efna sem notuð eru við rann- sóknir. Þarna má nota orðið **samstæða** eða **sett**. Það síðarnefnda er að finna í Íslenskri orðabók Eddu og hefur því náð viðurkenningu í íslensku máli: 1. *samstæða af e-u*, 2. *lota, törn*. Gaman væri að fá fregnir af öðrum lausnum sem fram hafa komið.

Disease cluster

Frá þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins barst fyrirspurn um íslenskt heiti fyrir hugtakið **disease cluster**. Um er að ræða óvenjulega mörg tilfelli af sama sjúkdómi á sama stað og sama tíma.

Enska nafnorðið **cluster** merkir samkvæmt Enska-íslenskri orðabók Arnar og Örlygs: 1. *klasi*. 2. *þyrping*. Hin mikla alfræðiorðabók Websters geymir sambærilegar lýsingar: 1. *fjöldi hluta af sömu tegund, sem vaxa eða haldast saman*. 2. *hópur nálægra hluta eða einstaklinga*. Samheitaorðabók Svavars Sigmundssonar birtir aðeins nafnorðin *köngull* og *þyrping* sem samheiti fyrir **klasi**, en öllu fleiri fyrir **þyrping**: *fjöldi, hjörð, hnappur, hópur, hvirfing, klasi, safn, stóð, sveimur, torfa, kös, þröng, þvaga, samhlaup, samsafn*. Undirritaður stakk upp á heitinu **sjúkdómaklasi**.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannhj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir
á Landspítala Hringbraut.